

**16. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 3. feb. 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Ævar Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Nanna Höskuldsdóttir, Jóhanna Helgadóttir og Gunnólfur Lárússon sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Jafnframt er óskað eftir að fá að setja inn sem lið nr. 11 sem yrði þriggja ára áætlun og sem lið 12 fundargerð fræðslunefndar dags. 2. feb. 2011.

Samþykkt samhljóða.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 20.01.2011**

Lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 31.01.2011**

Í fundargerðinni samþykkir húsnæðisnefndin 7 millj. kr. tilboð í Pálmholt nr. 5 og 7 og 4,5 millj.kr. tilboð í Pálmholt nr. 6.

Fundargerðin samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að ganga frá sölunni .

**3. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Starf slökkviliðsstjóra: Sveitarstjóra falið að gera ráðningar- og starfslýsingarsamning við Þórarinn Jakob Þórisson í 30 % starf. Samþykkt samhljóða.
- Tölvutengingar fyrir skóla og Langanesbyggð: Sveitarstjóri lagði fram tilboð frá EJS vegna tölvuvinnu og lausna í tölvumálum fyrir grunnskólann á Þórshöfn og skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að ganga til viðræðna á grundvelli tilboðsins. Samþykkt samhljóða.

**4. Bréf frá UMFL dags. 08.01.2011**

Í bréfi UMFL er verið að óska eftir föstum fjárlögum ár hvert í stað margra smærra styrkja. Sveitarstjórn hafnar erindinu að svo stöddu þar sem ekki er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2011.

Samþykkt samhljóða.

**5. Bréf frá velferðarráðuneytinu dags. 03.01.2011**

Í bréfinu er verið að kynna að innanríkisráðuneyti taki til starfa.

Lagt fram til kynningar.

**6. Bréf frá samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu dags 30.12.2010**

Varðandi félagslega framfærslu.

Lagt fram til kynningar.

**7. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 14.01.2011**

Varðandi áhrif nýrra mannvirkjalaga á umboð byggingarnefnda.

Lagt fram til kynningar.

**8. Umsóknir vegna leiguíbúða.**

- Ein umsókn barst í íbúð við Miðholt 10  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- Ein umsókn barst í íbúð við Bakkaveg 23  
Sveitarstjóra falið að vinna í málinu, fimm með einn á móti og ein hjáseta .

**9. Gjaldskrá grunn-og leikskóla Langanesbyggðar.**

Samþykkt samhljóða að gjaldskrá í leikskóla hækki skv. framlagðri tillögu og taki gildi frá 1. mars. nk.

**10. Bréf frá KPMG dags. 21.01.2011**

Skýrsla regluvarðar 2010

Lagt fram til kynningar.

**11. Þriggja ára fjárhagsáætlun.**

Lögð fram til fyrri umræðu og vísað til seinni umræðu.

**12. Fundargerð fræðslunefndar dags. 02.02.2011**

Tekin fyrir á lokuðum fundi að afloknum 16. fundi sveitarstjórnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt, fundi slitið kl.20:11.